

**Þjónustusamningur vegna þjónustu Stykkishólms gagnvart  
íbúum Eyja- og Miklaholtshrepps.**

**1. gr. Samningsaðilar**

Sveitarfélagið Stykkishólmur, kt. 620269-7009 (hér eftir „Stykkishólmur“) og Eyja- og Miklaholtshreppur, kt. 690894-2469, gera með sér eftirfarandi yfirsamning um þjónustu sem Stykkishólmur veitir íbúum Eyja- og Miklaholtshrepps.

**2. gr. Verkefni**

Stykkishólmur tekur að sér að þjónusta íbúa með lögheimili í Eyja- og Miklaholtshreppi samkvæmt meðfylgjandi samningum um leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla. Þá tekur yfirsamningur jafnframt til íþróttar- og tómstundarstarfs barna og unglings að því marki sem það snýr að starfsemi/þjónustu Stykkishólms. Þannig hafa börn og unglingsar Eyja- og Miklaholtshrepps aðgang að félagsstarfi unglings og frístund og er sú þjónusta innifalin í umsýslugjaldi sbr. 3. gr. samnings þessa. Aðgangur unglings í Eyja- og Miklaholtshrepp að Vinnuskóla Stykkishólms er jafnframt innifalin í umsýslugjaldi.

Eyja- og Miklaholtshreppur annast greiðslur frístundastyrkja til barna með lögheimili í Eyja- og Miklaholtshreppi og annast umsýslu vegna þessa.

**3. gr. Gagngjald Eyja- og Miklaholtshrepps**

Eyja og Miklaholtshreppur greiðir gjald fyrir þjónustuna samkvæmt hverjum samningi, skv 2. gr. Auk þess greiðir Eyja- og Miklaholtshreppur kr. 1.500.000 á ári vegna umsýslu Stykkishólms og annarrar þjónustu sem talin er upp í 2. gr. Fjárhæðin tekur breytingum skv. visitölu neysluverðs sem er 580,7 stig við undirskrift samningsins.

**4. gr. Stjórnskipulag**

Tvisvar á ári skulu haldnir samráðsfundir með fulltrúum Eyja- og Miklaholtshrepps og embættismönnum Stykkishólms um efni og framkvæmd samninganna óski annar hvor aðili eftir slíkum fundi. Jafnframt hefur Eyja- og Miklaholtshreppur heimild til þess að fá skólastjórnendur til fundar við hreppsnefnd tvisvar sinnum á ári til þess að ræða skolamál. Þegar samin er ný skólastefna fyrir Stykkishólm skal hún send til Eyja- og Miklaholshrepps til umsagnar. Eyja- og Miklaholtshreppur hefur rétt til áheyrnafulltrúa í skóla- og fræðslunefnd Stykkishólms.

Að öðru leyti varðandi framkvæmd verkefna er vísað til þeirra undirsamninga sem ritað er undir samhliða undirritun þessa samnings. Jafnframt er vísað til undirsamninga varðandi það hvaða valdheimildir flytjast til Stykkishólms á grundvelli hvers samnings fyrir sig.

Þeir starfsmenn Stykkishólms sem vinna að þeim verkefnum sem heyra undir samning þennan og undirsamninga skulu vinna þau í samræmi við ákvæði sveitastjórnarlaga nr. 138/2011 um meðferð mála, skyldur og réttindi stjórnarmanna, starfslið, fjármál og stjórnsýslueftirlit, auk þess að fylgja almennum reglum sem gilda um framkvæmd verkefna sveitarfélaga.

50  
V

Ekki er unnt að skuldbinda samningsaðila umfram það sem tiltekið er í samningi þessum. Komi til ítarlegri lýsing á hlutverki samningsins eða verkefnum bætt við samninginn verður það aðeins gert með samþykki beggja samningsaðila.

#### 5. gr. Fjárhagsáætlun og viðaukar

Eyja- og Miklaholtshreppur ber ábyrgð á því að áætla hver kostnaður er vegna þeirra þjónustuþátta sem þeir sækja til Stykkishólms.

Eyja- og Miklaholtshreppur hefur heimild til að fá afrit af fyrstu drögum og uppfærðum drögum þegar þau liggja fyrir að fjárhagsáætlun fyrir þær deildir sem tengjast veitingu þjónustu gangvart Eyja- og Miklaholtshreppi. Komi til þess að gerður verði viðauki við fjárhagsáætlun sem varðar þær deildir sem veita Eyja- og Miklaholtshrepp þjónustu tilkynni Stykkishólmur það til Eyja- og Miklaholtshrepps. Stykkishólmur sendir endanlega útgáfu af fjárhagsáætlun til Eyja- og Miklaholtshrepps að lokinni samþykkt við síðari umræðu. Að lokinni samþykkt sveitarstjórnar Stykkishólms getur Eyja- og Miklaholtshreppur fengið afhent afrit af fjárhagsáætlun viðkomandi deilda.

Stykkishólmur ber ekki ábyrgð á því að áætla kostnað vegna samninga eða tilkynna um útgjöld fyrirfram, umfram það sem leiðir af þessum samningi eða undirsamingum og þeim reiknireglum sem í þeim eru.

#### 6. gr. Þjónustukaup af einkaaðila

Stykkishólmur hefur heimild til þess að semja við einkaaðila um þá þjónustu sem veitt er skv. samningi þessum og öllum undirsamingum kjósi sveitarfélagið að gera það, sbr. 100 gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Komi til að rekstri leik- og/eða grunnskóla sé útvistað til einkaaðila sé slíkt tilkynnt Eyja- og Miklaholtshreppi með a.m.k. 3ja mánaða fyrirvara.

#### 7. gr. Innheimta þjónustugjalda

Eyja- og Miklaholtshreppur ber ábyrgð á öllum kröfum vegna þjónustugjalda samkvæmt samningunum sem ekki innheimtast hjá íbúum Eyja- og Miklaholtshrepps og endurgreiða Stykkishólm séu vanskil hjá þeim búin að vera í 3 mánuði. Jafnframt ber Eyja- og Miklaholtshreppur ábyrgð á innheimtukostnaði sem ekki innheimtist hjá íbúum Eyja- og Miklaholtshrepps. Stykkishólmur ber að tilkynna Eyja- og Miklaholtshreppi ef þjónustugjöld íbúa Eyja- og Miklaholtshrepps séu í vanskilum.

#### 8. gr. Greiðslur og greiðslufyrirkomulag

Greiðslur vegna framangreinds skulu inntar af hendi mánaðarlega, fyrirfram, fyrir hvern mánuð. Greiðslur skulu taka mið af áætluðum kostnaði vegna samninganna, þar sem það á við, samkvæmt fjárhagsáætlun Stykkishólms hverju sinni með viðaukum sé um það að ræða. Uppgjör skal fara fram eigi síðar en 1. mars eftir viðkomandi almanaksár og taka mið af raunkostnaði fyrra árs.

#### 9. gr. Gildistaka og uppsögn samnings

Yfirsamningur þessi, ásamt meðfylgjandi þjónustusamingum, gildir frá 1. ágúst 2023 til 31.júlí 2027, samningarnir framlengjast um tvö ár í senn ef samningunum er ekki sagt upp skv.

11/50

upsagnarákvæði hér að neðan. Samhliða undirritun samningsins eru undirritaðir eftirfarandi samningar:

A: Þjónustusamingur vegna barna með lögheimili í Eyja- og Miklaholtshrepp sem stunda nám í grunnskólanum Stykkishólmi

B: Þjónustusamningur vegna barna með lögheimil í Eyja- og Miklaholtshrepp sem eru vistuð í leikskólanum í Stykkishólmi.

C: Þjónustusamningur vegna nemenda með lögheimili í Eyja- og Miklaholtshrepp sem stunda nám í tónlistarskóla Stykkishólms.

Samning þennan, ásamt meðfylgjandi samningum, má taka til endurskoðunar hvenær sem er á samningstímanum ef báðir aðilar samþykkja. Samningurinn er óuppsegjanlegur af hálfu beggja samningsaðila á gildistíma hans nema báðir aðilar samþykki uppsögn hans. Vilji samningsaðilar nýta sér uppsagnarákvæði hans skv. 1. mgr. ákvæðisins ber að tilkynna það með 12 mánaða fyrirvara.

Sameinist Eyja- og Miklaholtshreppur við annað sveitarfélag, hvort sem það er við Stykkishólm eða annað sveitarfélag, fellur samningurinn, ásamt meðfylgjandi þjónustusamningum úr gildi með sex mánaða uppsagnarfresti frá því sameiningin er samþykkt í kosningu.

Af samningi þessum og öllum undirsamningum eru gerð tvö samhljóða eintök, eitt handa hvorum samningsaðila. Í kjölfar samþykktar bæjarstjórnar Stykkishólms og sveitarstjórn Eyja- og Miklaholtshrepps ber að senda samning þennan ásamt öllum öðrum þjónustusamningum til staðfestingar í innviðarráðuneytinu.

Rísi ágreiningur vegna samnings þessa eða einhvers þeirra undirsamninga sem vísað er til í 2. gr. og undirritaðir eru samhliða þessum skal honum vísað til Héraðsdóms Vesturlands.

Stykkishólmur 10. maí 2023

f.h. Eyja- og Miklaholtshrepps

Signurbjörg Óttar  
Óttar  
Eyja- og Miklaholtshrepps

f.h. Sveitarfélagsins Stykkishólms

Jóhanna Þórunn Sigurðardóttir  
  
Jóhanna Þórunn Sigurðardóttir

Vottar að réttir dagsetningu og undirskrift

Yngrid Óttar 080258-3139  
Friðrikur Þórarinsson 120289-2769